



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 14. október 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson oddviti, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Sigrún Hauksdóttir aðalbókari sat fundinn undir 1.-3. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bar upp tillögu þess efnis að gera breytingu á uppröðun dagskrárliða. Eftirfarandi tillaga lögð fram varðandi fyrirtöku:

1. *Rekstraryfirlit janúar - ágúst 2025 og framkvæmdayfirlit janúar – september 2025*
2. *Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2025*
3. *Fjárhagsáætlun 2026 - fyrri umræða*

Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

1. Rekstraryfirlit janúar - ágúst 2025 og framkvæmdayfirlit janúar – september 2025

Fyrir fundinum lágu rekstraryfirlit janúar-ágúst 2025 og framkvæmdayfirlit vegna janúar-september 2025 sem aðalbókari fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

2. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2025

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka II við fjárhagsáætlun ársins sem aðalbókari fór yfir og útskýrði. Í tillögunni er gert ráð fyrir breytingum á rekstri sem nema 13 m.kr. í tekjur umfram gjöld. Rekstrarniðurstaðan samkvæmt tillögu að viðauka II við áætlun verði því 3,5 m.kr. í tekjur umfram gjöld. Var viðaukinn borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

3. Fjárhagsáætlun 2026 - fyrri umræða

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnanna vegna 2026. Sveitarstjóri og aðalbókari fóru yfir áætlunina og gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum. Sveitarstjórn samþykkti að vísa framlagðri áætlun til síðari umræðu með fimm greiddum atkvæðum.



4. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

5. Samningur Farskólans við Sveitarfélagið Skagaströnd

Fyrir fundinum lá samningur Farskólans við Sveitarfélagið Skagaströnd vegna námskeiðishalds í sveitarfélaginu. Var sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

6. Samstarfssamningur um svæðisbundið Farsældarráð á Norðurlandi vestra

Fyrir fundinum lágu drög að Samstarfssamningi um svæðisbundið Farsældarráð á Norðurlandi vestra. Var sveitarstjóra falið að leggja til breytingar, sem farið var yfir á fundinum, við verkefnastjóra Farsældarráðs en staðfestir hann að öðru leyti.

7. Opið samráð um fyrirhugað frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum

Fyrir fundinum lá erindi innviðaráðuneytis varðandi opið samráð um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

„Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar mótmælir öllum hugmyndum um lögbvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi og hvetur ráðamenn til þess að virða hagsmuni íbúa og sjálfsákvörðunarrétt í eigin málefnum. Erfitt er að sjá fyrir sér að hægt sé að svipta hluta íbúa landsins kosningarétti á grundvelli íbúafjölda.

Var bókunin borin upp til samþykktar og staðfest með fimm greiddum atkvæðum. Var sveitarstjóra falið að skila inn umsögn í Samráðsgátt.

8. Bréf

1. HMS dags. 12. september 2025

Efni: Úttekt á Slökkviliði Skagastrandar

Fyrir fundinum lá úttekt HMS á Slökkviliði Skagastrandar sem framkvæmd var þann 14. maí sl. Í erindi HMS fylgir niðurstaða úttektar ásamt leiðbeiningum um þau atriði sem þarfnast úrbóta. Sveitarstjóri upplýsti um að fundað hafi verið með HMS vegna úttektarinnar, búið sé að bregðast við hluta þeirra atriða sem um ræðir og verið sé að vinna að úrbótum á þeim liðum sem eftir standa. Var sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samvinnu við slökkviliðsstjóra og HMS.

b. Skógræktarfélag Íslands dags. 22. september 2025

Efni: Ályktun vegna skipulagsmála skógræktar

Fyrir fundinum lá ályktun frá aðalfundi Skógræktarfélags Íslands dagana 29.-31. ágúst 2025 sem hvetur sveitarfélög landsins til að setja með skýrum hætti í



aðalskipulag hvar megi stunda landbúnað með nýskógrækt og hvar ekki. Var erindið lagt fram til kynningar.

c. Stjórn USAH dags. 22. september 2025

Efni: Styrkbeiðni

Fyrir fundinum lá erindi frá USAH þar sem óskað er eftir stuðningi við héraðssambandið svo að halda megi úti hefðbundinni starfsemi og efla eins og kostur er. Sveitarstjórn ræddi framlagða beiðni og vísaði til vinnslu fjárhagsáætlunar 2026.

d. Ungmennafélagið Fram dags. 17. september 2025

Efni: Styrkbeiðni

Péturína Laufey Jakobsdóttir lýsti sig vanhæfa til að fjalla um erindið og vék af fundi.

Fyrir fundinum lá erindi frá Ungmennafélaginu Fram þar sem óskað er eftir styrk til greiðslu launa vegna þjálfara félagsins. Sveitarfélagið samþykkti að veita styrk til félagsins að upphæð 4,2 m.kr. vegna 2026. Var erindinu vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2026.

e. Innviðaráðuneytið dags. 30. september 2025

Efni: Þátttakendur í minningardegi um fórnarlömb umferðarslysa

Fyrir fundinum lá erindi frá Innviðaráðuneytinu þar sem minnt er á Alþjóðlegan minningardag Sameinuðu Þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa sem haldinn verður sunnudaginn 16. nóvember nk. Var erindið lagt fram til kynningar.

9. Fundargerðir:

a) *Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 12. september 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b) *Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 26. september 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c) *Stjórn Hafnasambands Íslands dags. 10. september 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d) *Almannavarnarnefnd nefnd dags. 18. september 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

e) *Fræðslunefnd dags. 24. september 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

f) *Stjórnar SSNV dags. 23. september 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

g) *Stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra 5. september 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.



10. Önnur mál

Sveitarstjórn styður réttindabaráttu kvenna og samþykkir að konum og kvárum sem hjá sveitarfélaginu starfa verði heimilt að leggja niður störf á launum þann dag á tímabilinu kl. 14-16 sem er sá tími sem útifundur mun standa yfir á Arnarhóli. Þess er óskað að þau sem kjósa að leggja niður störf tilkynni forstöðumönnum sinna stofnana þar um eigi síðar en 17. október. Forstöðumönnum er falið að gera ráðstafanir varðandi afleysingar eða lokanir ef ekki tekst að manna starfsstöðvar og tilkynna þjónustuþegum um breytingar á þjónustu í tíma.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 11:28

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Halldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir